

Um sjóðinn


Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011. Sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum með ábyrgð íslenska ríkisins, að lágmarki 50%, og í innlánnum hjá fjármálafyrirtækjum sem lúta eftirliti FME, að hámarki 50%. Markmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda hlutdeildarskírteina með virkri stýringu á dreifðu eignasafni verðbréfa með ábyrgð ríkis, svo sem ríkisbréfa, íbúðabréfa og spariskírteina, og innlána hjá fjármálafyrirtækjum.

Meðallíftími sjóðsins er ekki háður takmörkunum. Sjóðurinn fjárfestir bæði í verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum. Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is

Eignasamsetning

Flokkur	Staða
Ríkisbréf óverðtryggð	49,0%
Íbúðabréf	36,1%
Ríkisbréf verðtryggð	13,8%
Innlán	1,1%
Reiðufé	0,1%


Eignaskipting



Stærstu útgefendur


Ríkissjóður Íslands	62,8%
Íbúðalánasjóður	36,1%
Landsbankinn innlán	1,1%

Dreifing líftíma ár



Árangur sjóðsins

Gengisþróun



Nafnávöxtun

Frá áramótum	-0,44%
1 ár	6,25%
2 ár*	6,17%
3 ár*	5,50%
4 ár*	6,14%
5 ár*	4,67%

* meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu fellur **vaxtaáhætta** sem er sú áhætta sem felst í áhrifum breytinga á markaðsvöxtum á verðmyndun skuldabréfa. Almennt eykst vaxtaáhætta eftir því sem meðallíftími eigna í skuldabréfasjóði er lengri.

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar og fjárfesting tapist því að hluta eða öllu leyti. Skuldaraáhætta í sjóðnum takmarkast við íslenska ríkið og innlánastofnanir.

Uppgjörásáhætta er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki bréf á réttum tíma. **Vörsluáhætta** er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldprots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila. **Lausafjáraáhætta** er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásettanlegu verði.

Almennar upplýsingar

Kennitala:	600390-9379
Stofndagur:	1.6.1990
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðili:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Verðbréfasjóður (UCITS)
Umsýsluþóknun:	0,80%
Bloomberg auðkenni:	LAISGBF IR
Sjóðstjórar:	Rósa Björgvinsdóttir Sandra Björk Ævarsdóttir
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 14:30
Lágmarkskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Afgreiðslugjald í áskrift:	100 kr.
Gjald við kaup:	1,0%
Gjald við kaup í áskrift:	Ekkert
Áskriftarmöguleiki:	Já
Uppgjörstími:	2 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	15.176,0
Gengi sjóðsins:	10,84
Staðalfrávik ávöxtunar*:	2,84%
Meðallíftími:	7,45 ár
Verðtryggingarhlutfall:	49,8%
Áhættumælikvarði	3/7

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. I. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skattahlutfall þetta er nú 20%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans
Austurstræti 5, 155 Reykjavík
Sími: 410 4040
www.landsbankinn.is www.landsbref.is

Sjóðurinn er verðbréfasjóður starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.

*Staðalfrávik ávöxtunar er tölræðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávik byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávikum endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.